

YFIRLÝSING UM FYRIRTÆKJAÁBYRGÐ Á DEBETREIKNINGUM

VEGNA YFIRDRÁTTAR Á DEBETREIKNINGI Á VÖRUBANKA VIÐSKIPTANETSINS

Með sjálfskuldarábyrgð skuldbindur fyrirtækið sem ábyrgðaraðili sig til að tryggja kröfuhafa efnir skuldbindingar debetreikningshafa (skuldara). Fyrirtækið og forsvarsmáður þess ábyrgist greiðslu skuldara sem sína eigin. Ábyrgðaraðilum er skylt að greiða skuldina við vanskil, ef kröfuhafi krefst þess, þótt kröfuhafi hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá skuldara. Ábyrgðaraðili ábyrgist alla skuldina og ef ábyrgðaraðilar eru fleiri en einn, ábyrgist hver um sig fulla greiðslu gagnvart kröfuhafa (óskipt ábyrgð/in solidum).

Við vanefnd skuldara er kröfuhafa í sjálfsvald sett, hvern hann krefur fyrst, skuldara eða sjálfsskuldarábyrgðarmenn.

Röð á skuldaskjali/ábyrgðaryfirlýsingu skiptir ekki máli. Ef ábyrgðaraðili greiðir ábyrgðarskuld, öðlast hann sama rétt á hendur skuldara og kröfuhafi átti og með sömu takmörkunum. Honum er einnig heimilt að krefja meðábyrgðarmenn sína um greiðslu hluta skuldarinnar (skipt ábyrgð/pro rata).

Við undirrit/uð/aðir/aðar ábyrgjumst hér með sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar, in solidum (óskipt skuldaábyrgð) greiðslu yfirdráttar á neðangreindum vörubankareikningi í samræmi við skilmála yfirlýsingarinnar.

DEBET REIKNINGSHAFI

Númer reiknings 354-14-	Nafn reikningseiganda
Kennitala reikningseiganda	Heimili reikningseiganda

SJÁLFSKULDARÁBYRGÐARAÐILI - FYRIRTÆKI

Kennitala sjálfskuldarábyrgðaraðila	Nafn sjálfskuldarábyrgðaraðila
Heimili sjálfskuldarábyrgðaraðila	
Kennitala sjálfskuldarábyrgðaraðila	Nafn sjálfskuldarábyrgðaraðila
Heimili sjálfskuldarábyrgðaraðila	
Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar	Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar í bókstöfum

- Sjálfskuldarábyrgðin takmarkast við ofangreinda hámarksfjárhæð
- Ef yfirdráttarskuld er ekki greidd við lok gildistíma sjálfskuldarábyrgðarinnar, reikningseigandi fer upp fyrir heimild sína eða misfer á annan hátt með yfirdráttarheimild sína eða aðra vörubankareikningsskilmála, er Viðskiptanetinu hf. heimilt að innheimta hjá sjálfskuldarábyrgðarmönnum þá fjárhæð sem yfirdráttarskuldinni nemur við niðurfellingu heimildar eða lokun reikningsins, en þó aldrei hærrí fjárhæð en framangreind hámarksfjárhæð yfirdráttar segir til um, að viðbættum bankakostnaði samkvæmt gjaldskrá Íslandsbanka hf. kostnaði af innheimtuaðgerðum þ.m.t. lögræðikostnaði, vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- Sjálfskuldarábyrgðin varir uns skuldbindingin sem henni er ætlað að tryggja er greidd að fullu.
- Sjálfskuldarábyrgðin stendur óhöggð þótt reikningseiganda verði úthlutað nýju reikningsnúmeri, ef reikningurinn kemur að öllu leyti í stað fyrri reiknings.
- Gildistími sjálfábyrgðarinnar er fjögur ár frá dagsetningu yfirlýsingar þessarar. Sjálfskuldarábyrgðin tekur yfir þær skuldir sem fyrir hendi eru við lok gildistímans.
- Sjálfskuldarábyrgðarmönnum er heimilt að segja sjálfskuldarábyrgðinni upp. Skal það gert skriflega og tekur uppsögnin gildi gagnvart Viðskiptanetinu hf. að morgni næsta virka dags eftir að hún berst félaginu. Sjálfskuldarábyrgðin fellur þó ekki endanlega niður fyrir en skuldin, eins og hún er við gildistöku uppsagnarinnar, er uppgreidd (Dæmi: Sjálfskuldaábyrgð vegna yfirdráttar á vörubankareikningi er sagt upp skriflega á föstudegi og tekur uppsögnin gildi frá og með mánudegi. Sjálfskuldarábyrgðarmaður er ábyrgur fyrir þeirri skuld sem fyrir hendi er að morgni mánudags í samræmi við sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu sína.)
- Mál út af sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu þessari má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Við undirrit/uð/aðir/aðar höfum kynnt okkur efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og fengið bækling um sjálfskuldarábyrgð.

- Við höfum ekki óskað eftir að greiðslugeta reikningseiganda sé metin.
- Greiðslugeta reikningseiganda hefur verið metin og við höfum kynnt okkur það greiðslumat.

Staður og dagsetning

Undirskrift sjálfskuldarábyrgðaraðila (Fyrirtækis)

Undirskrift reikningseiganda (Debetreikningshafa)

Undirskrift sjálfskuldarábyrgðaraðila

VOTTAR

Undirskrift og kennitala

Undirskrift og kennitala